Reykjavík

Félagsmiðstöðin Laugó

Starfsáætlun 2026-2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 4
Helstu dagsetningar 4
- Ágúst 4
- September 4
- Október 4
- Nóvember 4
- Desember 4
- Janúar 4
- Febrúar 4
- Mars 4
- Apríl 4
- Maí 4
- Júní 4
- Júlí 4

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Laugó auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.

- Markvisst er unnið að því að leitast eftir hugmyndum frá börnum og unglingum um hvað þau vilja hafa á dagskrá í félagsmiðstöðinni á óformlegan hátt. Starfsfólk leggur sig fram við að spyrjast fyrir um áhugamál þeirra og leitast eftir hugmyndum að dagskrárliðum og viðfangsefnum. Mikið er um klúbbastarf í félagsmiðstöðinni en klúbbar eru mótaðir út frá áhugasviðum barna og unglinga og þá í samráði við þau. Þar að auki starfar nemendaráð í samstarfi við skólann innan félagsmiðstöðvarinnar þar sem börnum og unglingum eru veitt ýmis tækifæri til þess að hafa áhrif á starfsemina.

Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.

- Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar leitar markvisst eftir hugmyndum barna og ungmenna að dagskrárliðum og viðfangsefnum sem tekin eru fyrir í félagsmiðstöðinni. Sömuleiðis er klúbbastarf innan félagsmiðstöðvarinnar mótað eftir áhugasviðum ungmenna sem félagsmiðstöðina sækja og þeim veitt tækifæri til þess að hafa áhrif á starfið.

Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.

- Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar leggur sig sérstaklega fram við að nálgast börn og unglinga sem eiga erfiðara með að koma skoðunum sínum á framfæri og kynnir félagsmiðstöðina fyrir þeim sérstaklega. Félagsmiðstöðin er þá kynnt sem þeirra staður, þar sem þau geta ræktað sín áhugamál og leitast er eftir hugmyndum frá þeim að því hvað þau vilja gera í félagsmiðstöðinni svo starfsfólk geti tekið til allt sem þau þurfa til þess. Þetta hefur skilað sér í að mörg þeirra mæta í félagsmiðstöðina og geta sinnt áhugamálum sínum í uppbyggilegu umhverfi. Sömuleiðis er félagsmiðstöðin í virkum samskiptum við sértæka starfið og leggur sig fram við að tengja ungmenni með fatlanir við félagsmiðstöðina. Einnig er hinsegin félagsmiðstöð hverfisins starfrækt í félagsmiðstöðinni.

Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.

- Börnum og unglingum er boðið upp á ýmsa fræðslu í félagsmiðstöðinni yfir skólaárið, þ.á.m. forvarnarfræðslu í tengslum við Viku6. Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fullorðnar fyrirmyndir fyrir ungmenni utan heimilis og skóla. Við mótun dagskrár er ávallt miðað við að hafa dagskrá eins fjölbreytta og mögulegt er í þeim tilgangi að dagskráin nái til fjölbreyttra hópa. Sömuleiðis tekur dagskráin sérstaklega mið að jaðarsettum hópum og ávallt er passað upp á að bjóða upp á dagskrárliði sem beinast sérstaklega að þeim hópum hverju sinni.

Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.

- Opnunartími félagsmiðstöðvarinnar er reglulega ígrundaður út frá þörfum barna og ungmenna og honum breytt eftir þörfum hverju sinni. Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á opið starf alla virka daga en sömuleiðis er ýmist klúbbastarf virkt í félagsmiðstöðinni þar sem ungmenni geta komið saman og myndað sitt eigið samfélag í kringum áhugamál sín. Stjórnendur hitta börn og ungmenni reglulega á skólatíma og annað starfsfólk sömuleiðis á dagopnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.

Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).

- Viðburðir eru haldnir mjög reglulega í félagsmiðstöðinni en á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er ávallt einhver viðburður á dagskrá á kvöldopnunum. Nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar heldur einnig utan um ýmsa viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar ásamt því að börn og ungmenni fá ýmis tækifæri til þess að móta eigið klúbbastarf og þá viðburði sem fara fram í því starfi.

Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.

- Starfsfólk er virkt í að þróa og móta starfið með mismunandi hætti. Starfsfólk er sérstaklega hvatt til þess að koma með eigin hugmyndir að viðburðum sem það gæti haldið í félagsmiðstöðinni og sömuleiðis er sérstaklega leitast eftir að nýta styrkleika hvers starfsmanns við þróun og skipulags á klúbbastarfi í félagsmiðstöðinni. Sömuleiðis er sérstaklega leitað til barna og ungmenna varðandi hugmyndir þeirra um hvernig starfseminni er háttað og þeim viðfangsefnum sem tekin eru fyrir í starfinu. Félagsmiðstöðin leggur einnig sérstaka áherslu á að efla tengingu nærsamfélagsins við starfsemina og starfsfólk er í virkum samskiptum við aðra þjónustuaðila barna og ungmenna, sem og foreldra. Aðgerðaráætlun fyrir hvert starfsár er ekki formlega unnin og til í skriflegu formi en starfsfólk ræðir þó sérstaklega þær áherslur sem eiga að vera í starfseminni og þær aðgerðir sem þeim fylgja reglulega.

Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.

- Stjórnendur sitja reglulega fundi með starfsfólki grunnskólans um ýmis málefni og taka þátt í lausnarteymi ásamt annarri fjölbreyttri teymisvinnu er varðar bæði nemendahópinn í heild sinni og einstaka börn og ungmenni. Stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar sitja einnig móttökuviðtöl fyrir nýja nemendur og fjölskyldur þeirra. Félagsmiðstöðin leggur sig einnig fram að vera í virkum samskiptum við íþrótta- og æskulýðsfélög í hverfinu og á í góðu samstarfi við einstaka félög.

Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.

- Starfsfólk er markvisst hvatt til þess að nýta eigin styrkleika og áhugamál í starfinu en það á bæði við um í almennu starfi og í klúbbastarfi félagsmiðstöðvarinnar. Varðandi þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir í félagsmiðstöðinni ræðir starfsmannahópurinn hvað skal vera tekið fyrir og vinnur markvisst saman að skipulagningu og framkvæmd verkefna og viðburða. Starfsfólk lýsir almennt yfir starfsánægju sinni á starfsstaðnum og þar af leiðandi er starfsmannavelta í félagsmiðstöðinni lítil.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

- Það er fullt aðgengi að starfinu fyrir flest börn en það sem er þó ábótavant er að ungmenni sem nota hjólastól þurfa að nota annan inngang en aðalinnganginn að félagsmiðstöðinni til þess að komast inn í félagsmiðstöðina. Sömuleiðis er sá inngangur læstur á kvöldin þar sem hann er

nánast í öðrum enda skólans og því þyrftu ungmenni sem nota hjólastól að láta félagsmiðstöðina sérstaklega vita ef þau ætluðu að mæta á kvöldin. Öll ungmenni eru þó alltaf velkomin í félagsmiðstöðina og tekið er vel á móti öllum. Sömuleiðis eru stjórnendur hluti af lausnarteymi og taka þátt í frekari teymisvinnu er varðar einstaka ungmenni.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.

- Stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar leggja áherslu á að boðið sé upp á fjölbreytt viðfangsefni í félagsmiðstöðinni sem tekur mið af fjölbreytileika samfélagsins. Hins vegar er það mat stjórnenda að núverandi starfshópur endurspegli ekki þann fjölbreytileika er varðar kyn, kynhneigð, uppruna, tungumál, hreyfigetu o.fl.. Starfsaldur starfsmanna í núverandi starfsmannahóp er nokkuð hár og mörg þeirra hafa unnið lengi í félagsmiðstöðinni en þegar þörf er á nýjum ráðningum reyna stjórnendur að hafa slíkan fjölbreytileika í huga og taka mið af því þegar tækifærin bjóðast.

Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).

- Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er ávallt hengd upp í félagsmiðstöðinni og er auglýst með ýmsum hætti. Hún er ávallt send út mánaðarlega til forsjáraðila og haldnir eru kynningarfundir fyrir nýja árganga í félagsmiðstöðina. Sömuleiðis fá kennarar aðgang að dagskránni og hengja upp í sínum kennslustofum. Félagsmiðstöðin leggur sig fram við að koma upplýsingum áfram með skýrum hætti. Félagsmiðstöðin hefur ekki tekið forritið Abler inn í starfsemina í opnu starfi félagsmiðstöðvarinnar en forritið hefur þó verið nýtt til þess að halda utan um stærri viðburði, hópastarf og ferðir. Nýir foreldrar og forsjáraðilar fá sérstaka kynningu um starf félagsmiðstöðvarinnar en það birtist sérstaklega í árlegu pálínuboði sem haldið er fyrir fjölskyldur á miðstigi í upphafi skólaárs.

Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

- Húsnæði uppfyllir alls ekki þær kröfur sem gerðar eru um rýmisþörf félagsmiðstöðva og sömuleiðis er ekki til formlegur samstarfssamningur félagsmiðstöðvarinnar við grunnskólann. Í félagsmiðstöðinni eru það í raun einungis setustofa og skrifstofuaðstaða starfsfólks sem stenst þær kröfur sem eru gerðar. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er ekki nógu gott og stærð rýma er annað hvort undir þeim kröfum sem eru gerðar eða þá að rýmin eru einfaldlega ekki til. Sem stendur var rými félagsmiðstöðvarinnar nýlega uppgert eftir að mygla kom upp þar sem hún er staðsett og starfsfólk er í markvissri vinnu við að gera félagsmiðstöðina heimilislegri. Hljóðvist er

ekki nógu góð í félagsmiðstöðinni og lítið er um rými þar sem börn og ungmenni geta komist í næði. Almennt séð er rými félagsmiðstöðvarinnar alltof lítið miðað við fjölda barna og ungmenna sem sækja starfsemina.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Félagsmiðstöð án aðgreiningar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aðgengi barna og ungmenna með skerta hreyfigetu
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri felast í að auka aðgengi barna og ungmenna með skerta hreyfigetu inn í félagsmiðstöðina. Ákjósanlegt væri að öll börn geti notað sama inngang inn í félagsmiðstöðina og þurfi ekki að láta sérstaklega vita af sér ef þau ætla sér að sækja starfið. Umbætur sem þessar haldast í hendur við Menntastefnu Reykjavíkurborgar er kemur að inngildingu og farsæld barna og þá sérstaklega ef litið er til verkefnisins Betri borg fyrir börn. Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er notendamiðuð þjónusta sem þýðir að nálgast þurfi þjónustuna út frá þörfum notandans en það sjónarmið á við um alla notendur óháð hreyfigetu.
Aðgerðir til umbóta.	Við aðalinngang félagsmiðstöðvarinnar er stuttur tröppugangur sem er hindrun fyrir börn með skerta hreyfigetu til þess að sækja starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Aðgerð til umbóta væri að ráðast í framkvæmdir, fjarlægja tröppurnar og koma fyrir rampi svo að öll börn geti mætt í félagsmiðstöðina eftir eigin hentugleika. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar eru þó ekki ráðandi umsjónarmenn fasteignarinnar og geta því einungis gengist til framkvæmda í samstarfi við skólann. Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er því að koma af stað virku samtali við skólastjórn um málefnið og reyna að vinna í átt að lausn á umræddum aðgengisvanda inn í félagsmiðstöðina.
Ábyrgð	Stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar og skólastjórn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Aðgerðin verður borin upp fyrir skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar ásamt skólastjórn Laugalækjarskóla um haustið 2026. Erfitt er að segja um áætluð lok sem stendur en

	óskandi væri að aðgerð verði lokið í lok skólaárs um vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Staðan verður endurmetin um vorið 2027. Stjórnendur munu sérstaklega hittast til að ræða framvindu aðgerðar og þá möguleika sem standa frammi fyrir þeim á þeirri stundu.
Viðmið um árangur.	Viðmið um árangur eru skýr en árangri tekst einfaldlega verið náð ef framkvæmdir hafa átt sér stað og aðalinngangur félagsmiðstöðvarinnar er orðinn aðgengilegur öllum börnum í lok skólaárs um vorið 2027.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Endurspeglun fjölbreytileika samfélagsins innan félagsmiðstöðvarinnar
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri má finna til þess að endurspegla fjölbreytileika samfélagsins innan félagsmiðstöðvarinnar með ýmsum hætti, þ.á.m. með auknum sýnileika, fjölbreyttum viðfangsefnum og með því að taka mið af ólíkum tímum ársins sem búa yfir menningarlegu mikilvægi fyrir ólíka hópa. Sömuleiðis þurfa stjórnendur að taka sérstaklega mið af því að nýta styrkleika starfsfólks og huga að fjölbreytileika þegar kemur að ráðningu nýrra starfsmanna.
Aðgerðir til umbóta.	Stjórnendur munu leggja sérstaka áherslu á að ná sérstaklega til jaðarsettra hópa ungmenna þegar kemur að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Það skal vera gert með þeim hætti að boðið verði sérstaklega upp á viðburði í félagsmiðstöðinni sem beinast að jaðarsettum hópum ungmenna í hverjum mánuði og að menningarlegum viðburðum verði gefið pláss á dagskrám félagsmiðstöðvarinnar, sem og í upplýsingamiðlun. Stjórnendur munu einnig taka mið af því að starfshópur félagsmiðstöðvarinnar skuli endurspegla fjölbreytileika samfélagsins við ráðningar inn í félagsmiðstöðina og passa sérstaklega upp á að atvinnuumsóknir séu aðgengilegar öllum.
Ábyrgð	Stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Aðgerð hefst um haustið 2026 og er ótímabundin.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Staðan verður endurmetin í lok skólaárs árið 2027 bæði í samtali á milli stjórnenda og með opnu samtali við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar á starfsmannafundi.
Viðmið um árangur.	Viðmið er að í hverjum mánuði út skólaárið hafi félagsmiðstöðin boðið sérstaklega upp á a.m.k. tvo viðburði sem beinist að jaðarsettum hópum ungmenna í hverjum mánuði. Sömuleiðis munu stjórnendur útbúa lista yfir þá menningar tengdu viðburði sem viðeigandi væri að gefa viðurkenningu innan félagsmiðstöðvarinnar og markmiði telst náð ef það hefur gerst. Sömuleiðis munu stjórnendur ígrunda þær ráðningar sem hafa átt sér stað yfir skólaárið og fara yfir hvort að þær séu í takt við fyrrnefnd viðmið.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Innan félagsmiðstöðvarinnar hefur starfsfólk hafist handa við að efla klúbbastarf innan félagsmiðstöðvarinnar til muna. Klúbbar innan félagsmiðstöðvarinnar eru af fjölbreyttu tagi en þar má nefna Nördaklúbbinn, Körfuklúbbinn og Föndurklúbbinn. Lykilatriði er að félagsmiðstöðin bjóði upp á ólíka klúbba sem höfða til fjölbreyttra hópa barna og ungmenna með því markmiði að sem flest geti fundið sér vettvang til þess að rækta áhugamál sín. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar er þá vakandi fyrir ráðandi áhugasviðum og reynir að móta klúbba eftir þeim og í samráði við þau börn og ungmenni sem sýna klúbbastarfinu áhuga. Klúbbastarfið er einnig breytilegt að því leiti að nýir klúbbar eru sífellt í bígerð og því er klúbbastarf innan félagsmiðstöðvarinnar verkefni sem er í sífelldri þróun.

Félagsmiðstöðin er einnig í þann mund að fara að hefja verkefni í samstarfi við Foreldrafélag Laugalækjarskóla sem felst í því að halda mánaðarlegan félagsmiðstöðvahermi fyrir foreldra, forsjáraðila og fjölskyldur barna og ungmenna sem sækja félagsmiðstöðina. Markmið verkefnisins er að tengja félagsmiðstöðina enn frekar við foreldrasamfélagið og að skapa vettvang þar sem foreldrum og forsjáraðilum gefst tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Verkefni þetta helst í hendur Menntastefnu Reykjavíkurborgar er varðar þróun leiða til þess að starfsemin taki mið af ólíkum þörfum barna og foreldra. Líkt og kemur fram í Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar er öflugt foreldrasamstarf eitt af okkar helstu markmiðum í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Annað verkefni sem á sér stað innan félagsmiðstöðvarinnar er hinsegin félagsmiðstöð hverfisins, Gaymstöðin, sem er staðsett í félagsmiðstöðinni og er opin öllum ungmennum

á fimmtudagskvöldum. Umsjón starfsins er í höndum tveggja starfsmanna úr félagsmiðstöðvum í hverfinu og verkefnið er í raun samstarfsverkefni nokkurra félagsmiðstöðva. Með því að halda slíkri starfsemi gangandi teljum við að við getum stuðlað að auknum jöfnuði í tækifærum barna og ungmenna til þess að sækja uppbyggilegt og eflandi tómstundastarf sem fer fram í félagsmiðstöðinni og helst það í hendur við Menntastefnu, Forvarnarstefnu og 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en sáttmálinn er grundvöllurinn í stefnumálum Reykjavíkurborgar. Auk þessa er starfandi öflugt nemendaráð í félagsmiðstöðinni, bæði fyrir 7. bekk og fyrir unglingastig. Umsjón með nemendaráðinu er í höndum bæði félagsmiðstöðvarinnar og skólans. Með því að halda uppi öflugu nemendaráði stuðlum við að auknu lýðræði innan félagsmiðstöðvarinnar og búum til frekari tækifæri fyrir börn og ungmenni til þess að móta starfsemina sem þau sækja innan félagsmiðstöðvarinnar og þar er 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna okkar helsta leiðarljós. Fleiri þróunarverkefni eru sífellt í mótun og félagsmiðstöðin á í reglulegum samtölum við ólíka þjónustuaðila barna og ungmenna, hvort sem það eru íþróttafélög eða önnur samtök.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- 24. ágúst - Starfsdagur
- 25. ágúst - Fyrsta opnun skólaársins

September

- 4. september - Treyjudagur
- 7. september - Fjölmenningar veggjamálun
- 9. september - Pálínuboð miðstigs
- 9. - 10. september – Starfsdagar Samfés
- 14. - 18. september - Geðheilbrigðisvika
- 16. september - Opnunarball unglingastigs
- 25. - 27. september – Hinsegin Landsmót Samfés
- 30. september - Opnunarball 7.bekkjar

Október

- 7. október - 6U ball
- 9. - 11. október - Landsmót Samfés
- 19. október - Félagsmiðstöðvadagurinn
- 20. október - Styrktarsala fyrir bleiku slaufuna

- 22. október - Gaymstöðin opnar
- 28. október - Femínistafélagið hefst

Nóvember

- 4. nóvember - Hrekkjavökuball unglingastigs
- 9. nóvember - Undanúrslitakvöld skrekks,
- 13. nóvember - Nýliðafræðsla
- 16. nóvember - Úrslitakvöld Skrekks
- 20. nóvember - Rímnaflæði
- 20. nóvember - Gistinótt unglingastigs
- 23. - 27. nóvember - Fjölmenningarvika
- 27. nóvember - Fjölmenningar mathöll

Desember

- 2. desember - Jólabingó
- 9. desember - Jólaball 7.bekkjar
- 14. desember – Endurmat einstaklingsáætlana
- 17. desember - Jólaball unglingastigs

Janúar

- 22. janúar - SamfésCon

Febrúar

- 8. - 12. febrúar - Vika6
- 8. febrúar - Bolluopnun
- 10. febrúar - Öskudagsopnun,
- 17. febrúar - Árshátíð 7.bekkjar
- 18. febrúar - Árshátíð unglingastigs

Mars

- 5. mars - Danskeppni Samfés
- 6. mars - Hönnunarkeppnin Stíll

Apríl

- 6. - 7. apríl - Aðalfundur Samfés
- 12. - 16. apríl - Góðgerðarvika
- 16. - 18. apríl - Skíðaferð
- 19. - 25. apríl - Barnamenningarhátíð

Maí

- 3. maí - Sjúk Ást fræðsla
- 7. maí - SamFest
- 8. maí - Söngkeppni Samfés
- 10. - 14 .maí - Hinsegin vika
- 26. maí - Lokaball unglingastigs
- 26. maí - Lokaball 7.bekkjar
- 27. maí - Seinasta opnunin í Gaymstöðinni
- 31. maí - Seinasta opnun skólaársins

Júní

- 14. júní - Sumarnámskeið miðsigs hefjast
- 14. júní - Hópastarf unglingastigs hefst

Júlí

- 9. júlí - Sumarnámskeiðum miðsigs lýkur
- 9. júlí - Hópastarfi unglingastigs lýkur
- 8. - 9. júlí - Útilega